



**SKATTASTEFNA**

**MARS 2025**

## 1. Inngangur

Hagar er leiðandi fyrirtæki í íslensku smásöluverslun og leitast við að vera í fararbroddi í íslensku atvinnulífi. Hagar og dótturfélög vilja vera fyrsti valkostur viðskiptavina sinna, góður samfélagsþegn, eftirsóttur vinnuveitandi og ákjósanlegur og öruggur fjárfestingarkostur. Skattastefna Haga er hluti af langtímaáætlun félagsins til að leggja sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar og styður við mikilvægi þess að lögum og reglum í skattamálum sé fylgt þvert á samstæðuna, eins og við á hjá hverju félagi.

Tilgangur skattastefnu Haga er að marka stefnu og miðla því hvernig félagið hagar skattamálum samstæðunnar í samræmdu og samkeppnishæfu skattaumhverfi. Hagar gera sér grein fyrir mikilvægi þess hvernig skattgreiðslur hafa áhrif á samfélag og þróun þess á þeim svæðum þar sem samstæðan starfar. Þannig er meðal annars stutt við sjálfbærni mið Sameinuðu þjóðanna, þar sem skattgreiðslur eru mikilvægur þáttur, beint og óbeint, við fylgni á mörgum af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

## 2. Skattastefna Haga

Skattastefnan veitir leiðbeiningar um stjórnun skattamála og skattaáhættu sem tengjast rekstri samstæðunnar, reglufylgni og samskipti við skattayfirvöld.

Skattastefnan á við um alla beina og óbeina skatta sem eiga við um Haga sem fyrirtæki og vinnuveitanda. Megin áhersla Haga í skattamálum er að hafa sjálfbæra skattanálgun og hafa Hagar einsett sér að standa við allar skyldur er varða skatta og skil á þeim í samræmi við lög og reglur, á sama tíma og gildum félagsins er fylgt.

Hagar hafa skattamálum sínum í samræmi við lög og reglur þar að lútandi og taka ekki þátt í starfsemi eða athöfnum þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru ekki virt. Stefnan er höfð að leiðarljósi þegar gengið er til samninga við verktaka og birgja.

Hagar hafa skuldbundið sig til þess að greiða rétta skatta á réttum tíma, en greiðsla skatta á ábyrgan hátt er hluti af því að reka fyrirtæki af heilindum og undirstrikar sjálfbærni skuldbindingar okkar og metnað. Þegar til greina kemur að nota skattaívilnanir er nálgun okkar að slík ívilnun sé nýtt að svo miklu leyti sem starfsemi okkar er viðskiptadrifin en ekki rekin af skattasjónarmiðum.

Sem hluti af sjálfbærri nálgun okkar í skattamálum hafa Hagar skuldbundið sig til þess að stjórna sköttum á ábyrgan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur og lágmarka þannig skattaáhættu. Hagar líta á skattaáhættu sem hvers kyns óvissu sem stafar af túlkun skattalaga eða framkvæmd þeirra í rekstrarlegum eða skattalegum skilningi, sem geta haft slæm áhrif á samstæðuna fjárhagslega eða orðsporslega.

Hagar skuldbinda sig til að reikna skattspor sitt árlega og greina þannig frá framlagi samstæðunnar til samfélagsins í formi skattgreiðslna. Skattspor Haga nær til allra skattgreiðslna til ríkis og sveitarfélaga vegna starfsemi þess, sem og allra skatta sem félagið innheimtir og stendur skil á.

Félög í samstæðu Haga eru átta talsins, þar af eru sex þeirra með skattalegt lögheimili á Íslandi, eitt í Færeyjum og eitt í Hollandi. Í viðskiptum við tengda aðila er meginreglum OECD um armslengdar kjör fylgt til hlítar, skattar eru greiddir þar sem verðmætin verða til og gildandi milliverðlagningareglum er fylgt.

Hagar leggja metnað sinn í að koma á og viðhalda faglegu og gagnsæju samstarfi við skattayfirvöld. Félagið kann að meta gott samstarf við skattayfirvöld og er heiðarlegt í samskiptum og bregst við öllum beiðnum frá skattayfirvöldum auk þess að afhenda allar nauðsynlegar upplýsingar eins og við á.

### 3. Framkvæmd og eftirfylgni

Skattastefna félagsins nær til stjórnar, stjórnenda og starfsmanna samstæðunnar og er þeim skylt að starfa og fylgja henni í samræmi við skilgreint verklag og ferla. Hagar hafa virkt innra eftirlit sem miðar að því að viðhalda öflugri innri stefnu, verklagsreglum og fræðslu til starfsmanna.

Forstjóri hefur það hlutverk að skattastefna þessi sé hrint í framkvæmd, hún uppfærð með reglubundnum hætti og kynnt fyrir stjórnendum, starfsmönnum og hluthöfum. Forstjóri skal einnig sjá til þess að stefnan sé aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Skipaður hefur verið skattstjóri innan samstæðunnar sem fer með eftirlitshlutverk og ber ábyrgð á því að stefnu þessari sé framfylgt. Skattstjóri sér um fræðslu, miðlun og ábyrgð á skattskilum og skattahlítingu í öllum félögum í samstæðunni. Skattstjóri ber einnig ábyrgð á því að fylgjast með nýrri löggjöf og þróun regluverks, samskiptum við skattayfirvöld og kallar til hæfa skattasérfræðina þegar þörf er á.

Þó að leitað sé til utanaðkomandi sérfræðinga þegar þörf er á er markvisst unnið að því að auka þekkingu innanhúss og hefur því meðal annars verið skipuð skattanefnd þar sem sitja fjórir starfsmenn samstæðunnar, sem skattstjóri fer í forsvari fyrir. Nefndin fundar að lágmarki einu sinni á ári, oftast ef upp koma álitamál. Skattstjóri sér einnig um að viðhalda innri þjálfun og deila nauðsynlegum skattatengdum upplýsingum til annarra starfsmanna í samstæðunni.

Skattstjóri fylgist með skattaáhættu og skal árlega skila skýrslu til endurskoðunarnefndar og stjórnar um störf sín og skattanefndarinnar, þar sem hann upplýsir um þau mál sem komið hafa upp á árinu og skattaáhættu.

### 4. Gildissvið og endurskoðun

Skattastefna Haga nær til móðurfélagsins auk allra dótturfélaga samstæðunnar og skal vera leiðbeinandi fyrir þau. Stjórn og stjórnendur félagsins láta sig málaflökkinn varða og bera á honum ábyrgð. Stefnan er birt á heimasíðu félagsins og eru viðeigandi upplýsingar um skattamál samstæðunnar og skattgreiðslur að finna í ársreikningi og ársskýrslu. Markvisst er unnið að framfylgd stefnunnar innan félagsins og er skýrslugerð ESG í örri þróun og mun félagið áfram fylgjast með og meta hvað hentar best til að tryggja það gagnsæi sem stefnt er að í skattamálum. Stefnu þessa skal endurskoða að lágmarki á 12 mánaða fresti.

Þannig samþykkt 21. mars 2025

Stjórn Haga hf.